



## Samantekt um starf félagsmiðstöðvar í Langanesbyggð

Samantekt þessi er gerð að beiðni sveitastjóra Langanesbyggðar og er ætlað að skoða starf félagsmiðstöðva á almennum grundvelli með félagsmiðstöðina í Langanesbyggð í huga. Við vinnslu samantektarinnar er horft til almennar starfsemi annarra félagsmiðstöðva á landinu með aðstæður í Langanesbyggð til hliðsjónar. Auk þess er litið til hvernig rekstur félagsmiðstöðva tónar við uppfyllingu þeirra markmiða sem sveitarfélagið hefur sett sér í tengslum við eflingu lýðheilsu, samþættingu við heimsmarkmið og uppfyllingar Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

„Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi skilgreina félagsmiðstöðvar sem afdrep þar sem unglingar geti eytt frítíma sínum á uppbyggilegan máta án áfengis og vímuefna. Í félagsmiðstöðvum sé stuðlað að jákvæðum þroska, sjálfstæði unglिंगanna í verki og samskiptum og reynt sé eftir bestu getu að gera þá hæfari til að takast á við þær áskoranir sem lífið fram undan býður upp á.“

### Af hverju félagsmiðstöð?

Hlutverk félagsmiðstöðva ætti að vera að veita börnum og unglिंगum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélag. Börnum og unglिंगum ætti að standa til boða frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska og sérstaka áherslu ætti að leggja á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi.

Í 31. grein Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna er kveðið á um að börn eigi rétt á leik, hvíld og frístundum og einnig til menningarlegra og listrænna starfa sem samræmast þeirra aldri. Faglegt starf í félagsmiðstöðvum getur lagt mikið til við að uppfylla þessa þætti en sömuleiðis getur það verið eitt verkfæri og lagt sitt á vogarskálarnar við vinnu að vissum undirmarkmiðum Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna, þá helst undirmarkmiðum *Heilsu og vellíðunar, menntunar fyrir alla og jafnrétti kynjanna*.

### 3.5 Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.

(Eitt undirmarkmið heilsu og vellíðunar.)

Það nám sem fer fram í félagsmiðstöðvum er að vissu leiti annars eðlis en í hefðbundnu skólastarfi þar sem unnið er við að uppfylla skyldur námskrár. Nám í fyrirmyndar félagsmiðstöðvum er því fremur það sem kallast *óformlegt nám* eða *reynslunám* og fer fram í formi fræðslu og fyrirlestra auk þátttöku og virkni í starfi á lýðræðislegum jafningjagrundvelli.

Langanesbyggð er þátttakandi í Heilsuefandi samfélagi en markmið þess verkefnis er að hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu íbúa á öllum aldrurskeiðum og starfsemi félagsmiðstöðva geta eðlilega verið góður vettvangur til að leggja þeirri starfsemi lið hjá aldurshópum á unglिंगaskeiðinu. Svo góður vettvangur í raun að hægt er að vera **heilsuefandi félagsmiðstöð** líkt og þekkt er með skóla og aðra vinnustaði.

Öflug, fagleg og virk starfsemi íþróttafélags á svæðinu spilar stóra rullu við að þjónusta þennan aldurshóp en það er vel þekkt að sá vettvangur hentar ekki öllum og margar ástæður geta legið þar að baki. Þar getur öflug, fagleg og virk félagsmiðstöð brúað bilið til þessara einstaklinga og veitt þeim aðgang að leiðsögn, stuðningi og uppfyllingu félagslegra þarfa sinna í þroskandi og heilsuefandi starfsemi sem gefur gott veganesti á leið þeirra til fullorðinsáranna, ef vel er að staðið.

Einstaklingar í þessum aldurshópi eru ekki einungis að upplifa örar breytingar á líkama heldur líka andlegum vitsmuna- og félagsþroska. Á þessu tímabili skipta vinir og félagsleg tengsl sífellt meira máli og því er þeim af margvíslegum ástæðum mikilvægt að eiga sitt afdrep til að sinna félagslegum þörfum sínum auk þess sem starfsfólk félagsmiðstöðva getur verið viðbótin sem þarf við hefðbundið stuðningsnet heimilis og skóla, og jafnvel sú við bót sem hentar best hvað sumt varðar.

### **Ávinningur sveitafélags**

Ávinningur sveitafélags af því að halda úti faglegu og metnaðarfullri félagsmiðstöð er margþættur en fyrst ber að vísa til áhrifa á þroska einstaklingsins, heilsu hans og vellíðunar. Félagslegt starf af þessum toga gefur líka tækifæri til að halda fræðslu að unglingum sem passar síður innan ramma íþróttafélaga eða skóla. Ef vel er að staðið er sú fræðsla sem býðst þess að auki á forsendum ungmennanna og í samræmi við óskir þeirra og því líklegt til að vera eitthvað sem nýtist einstaklingunum sjálfum á markvissari hátt en hefðbundin herferða erindi.

Félagsmiðstöðin er þeirra sem hana sækja á hverjum tímapunkti og það er að hluta til á ábyrgð unglinganna, undir leiðsögn fullorðinna, að leggja sitt af mörkum til að hún vaxi og dafni í samræmi við óskir þeirra. Þarna gefst þeim tækifæri til að öðlast reynslu í að byggja upp og viðhalda starfsemi, læra að tjá skoðanir sínar og koma þeim í framkvæmd, vinna með öðrum, virkja aðra til samstarfs auk þess sem þau geta slakað á og fengið að vera unglingar inn á milli, eytt tíma með jafnöldrum sínum í eigin rými, á sínum forsendum og þróað félagshæfni sína.

Starf sem þetta skilar sterkari einstaklingum út í lífið sem hafa reynslu af lýðræðislegum vinnubrögðum og sömuleiðis einstaklingum með reynslu af frístundastarfi og búa þar af leiðandi yfir hæfni til að leiða frístundastarf í framtíðinni þegar fullorðinsárum er náð.

Sýnt hefur verið fram á að starfsemi félagsmiðstöðva hafi ótvírætt forvarnagildi og ætti slíkt að vera öllum samfélögum mikilvægt. Starf þeirra þarf hins vegar að miða að því og hafa í huga að hægt er að vinna að forvörnum á margþættum grundvelli með eflingu einstaklingsins.

Að sama skapi má færa rök fyrir að öflug félagsmiðstöð skapi ákjósanlegri búsetugrundvöll í sveitafélaginu, rétt eins og skóla og leikskólaþjónusta gerir.

### **Tilkostnaður**

Tilkostnaður er óverulegur umfram það sem starfið kostar í núverandi mynd og fullt val til staðar um hve hratt sé unnið og miklu til kostnað í átt að því markmiði sem sett er.

*Sigurbjörn V. Friðgeirsson  
Íþrótt- og tómstundafulltrúi  
Haust 2021*